

Samningur um umsýslu verkefnatengdra fjármuna í Brothættum byggðum á Vesturlandi

1 gr. staða samnings gagnvart öðrum samningum

Samningur þessi er viðaukasamningur við samning um verkefni Brothættra byggða á Vesturlandi, undirritaður dags. xx. janúar 2022, hér eftir nefndur grunnsamningur.

2. gr. Samningsaðilar

Byggðastofnun, kt. 450679-0389 og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, kt. 610673-0239, (hér eftir í samningnum nefnt SSV) gera með sér svofelldan samning um umsýslu og greiðslur verkefnatengdra fjármuna sem verkefnum kann að verða úthlutað í brothættum byggðum á Vesturlandi samkvæmt grunnsamningi og viðaukasamningum við hann um verkefni í einstökum byggðarlögum undir hatti Brothættra byggða.

3. gr. Umsýsla um verkefnatengda fjármuni

Samkvæmt viðaukasamningi þessum tekur SSV að sér að annast umsýslu vegna verkefnatengdra fjármuna. Það felur meðal annars í sér að gera samninga við styrkþega, kalla eftir viðeigandi gögnum um framvindu verkefna og verklök. SSV sér um greiðslur verkefnastyrkja eftir að verkefnisstjóri BB í viðkomandi byggðalagi hefur gert samninga við styrkþega í samráði við Byggðastofnun og undirritað þá í samræmi við reglur um Brothætta byggðir á landsvísu og nánari reglur sem verkefnisstjórn í byggðarlaginu hefur mótað um úthlutun. Auk þess sinnir verkefnisstjóri BB eftirfylgni verkefna og samþykkir áfanga- og/eða lokaskýrslur þeirra áður en greiðslur fara fram, þ.m.t. lokagreiðsla. Samþykktar áfanga- og lokaskýrslur skulu berast Byggðastofnun ásamt fylgigögnum, svo sem til dæmis afritum reikninga, þegar þær hafa borist SSV frá styrkþega. SSV krefur styrkþega um endurgreiðslu fjármuna í samræmi við samninga og reglur um verkefnatengda fjármuni í Brothættum byggðum, komi sú staða upp að styrkþegi standi ekki við ákvæði samninga um m.a. framvindu verkefna.

4. gr. Greiðslur frá Byggðastofnun

Byggðastofnun mun samkvæmt samningi þessum millifæra verkefnatengda fjármuni til SSV eftir því sem samningar við verkefnin sem fengið hafa styrkvilyrði hljóða upp á í heild og allt að þeirri hámarksupphæð sem ákveðið hefur verið að ráðstafa til verkefnis um BB í viðkomandi byggðalagi á því tímabili sem um ræðir (gjarnan einu ári). Greiðslan fari fram þegar samningar um verkefnin liggja fyrir. Í lok tímabils fari fram uppgjör á stöðu, meðal annars með tilliti til fjármuna sem SSV hefur ekki úthlutað eða þurft að endurkrefja samningsaðila um í ljósi þess að verkefni hafa ekki gengið eftir samkvæmt samningum.

5. gr. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála

Um upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála vísast einkum til 7. greinar grunnsamnings.

Staður, dags: _____

f.h. Byggðastofnunar

f.h. SSV
